

JÓN SAMSONARSON

ÓKINDARKVÆÐI

1 Inngangur

ÓKINDARKVÆÐI er meðal þess margbreytta efnis sem Ólafur Davíðsson dregur saman og tekur upp í safn sem hann kallar *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði* (IV 1898–1903:171). Kvæðið er prentað án höfundarnafns, og verður ráðið af því að Ólafur veit ekki hver orti; kvæðið hefur borist honum án höfundarnafns, eins og flest annað í safninu. Hitt er lakara og óþarfa gáleysi að Ólafur getur þess ekki hvaðan hann hefur kvæðið, og verður ekki séð eftir hverju er prentað. Má segja að Ókindarkvæði svífi svo sem í lausu lofti, á meðan þannig stendur að ekkert er vitað um uppruna þess eða aðkomu að prentuðum bókum eða skrifuðum.

Séra Bjarni Þorsteinsson birti upphafserindi Ókindarkvæðis í *Íslenzkum þjóðlögum* (1906–1909:509) og sönglag með. Lagið hafði Bjarni lært 8. mars 1898 af Ólafi Davíðssyni á Hofi í Hörgárdal eftir því sem segir í áðurnefndri heimild og væri helst dagsetningin sem rengja mætti með nokkrum rökum, þótt litlu skipti, en þannig er mál með vexti að konan mín, Helga Jóhannsdóttir þjóðlagafræðingur, hefur bent mér á lítið söfnunarkver með eiginhendi Bjarna Þorsteinssonar. Kverið er með öðrum gögnum séra Bjarna á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í söfnunarkverinu er upphafserindi Ókindarkvæðis með sönglagi. Nafn kvæðisins er eins og í *Íslenzkum þjóðlögum*: Ókindarkvæði, og sama máli gegnir um nafn heimildarmanns: „(eptir Ólafi Davíðss)“, en aftan við er nákvæm staðsetning og dagsetning: „skrifað að Hofi í Hörgárdal 9/3 1898“. Annað í kverinu getur bent til þess að 9/3 sé rétt dagsetning, og er þá farið villt um einn dag í prentaðri útgáfu, og fundur þeirra Ólafs og Bjarna hefur orðið 9. mars 1898 á Hofi í Hörgárdal, en þar bjuggu foreldrar Ólafs, séra Davíð Guðmundsson og Sigríður Ólafsdóttir, bæði af eyfirkum ættum sem er vert að nefna, hafi Ólafur lært lagið af foreldrum sínum, þótt ekki þurfi það að vera. Um kvæðið vitnar Bjarni í *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði* og ekkert bendir til þess að hann kunni skil á uppruna þess eða viti hver orti.

Enn er þess að geta að próf. Einar Ól. Sveinsson tók sex erindi úr Ókindar-

kvæði í þjóðkvæðaúrval (1942:241). Trúlega hefur Einar farið eftir *Íslenskum þulum og þjóðkvæðum* sem hann styðst iðulega við án tilvísunar hverju sinni. Ekkert bendir til þess að Einar búi yfir vitneskju um Ókindarkvæði sem honum þyki máli skipta um fram nakinn textann í útgáfu Ólafs.

Hér verður þess freistað að sækja frekari vitneskju um Ókindarkvæði í handritaböggul í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, NKS 3315 II 4to, og eftir skrifuðum blöðum þar er kvæðið prentað (á bls. 26–27 hér á eftir).

2 NKS 3315 II 4to

NKS 3315 4to er handrit í tveimur böggjum sem táknaðir eru I og II. Handritið er skilgreint af safnamönnum á eftirfarandi hátt: „Islandske Digte (voksende samling).“ Þarna eru íslenskar kvæðauppskriftir á ósamstæðum blöðum, skipað niður og raðað eftir höfundum kvæða. Í II er ennfremur blaðabunki með blönduðu efni, merktur: „Forskellige.“ Þar er fjórblöðungur sem hér verður fjallað um að nokkru og eftir honum er Ókindarkvæði prentað hér. Ókindarkvæði er á fremsta blaði (1r–v) og við snöggt álit má gíska á að það sé 19. aldar maður sem heldur á penna. Ekki hefur þessi blaðabunki vafist fyrir íslenskum rannsóknarmönnum, svo að vitað sé. Þó hefur Jón Helgason prófessor við Hafnarháskóla og forstöðumaður Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, gætt að og fundið nýtilegt blað, enda megum við minnast þess sem til þekktum að Jón sinni af meiri kostgæfni en aðrir menn um allt sem rannsóknarstörfin varðaði, smátt og stórt, og var fátt undanskilið sem á fjörur rak.

Jón birtir fornkvæðatengda munnmælasögu eftir „en seddel“ í NKS 3315 II 4to, „Forskellige“. Hann lætur þess getið að blaðið sé upphaflega úr dánarbúi Gísla Brynjólfssonar (d. 1888), og er „vistnok skrevet med hans hånd“ (Jón Helgason 1981:6). Fjórblöðungurinn sem geymir Ókindarkvæði er sem fyrr sagði í NKS 3315 II 4to, „Forskellige“. Fyrirsögn Ókindarkvæðis er efst á bl. 1r, og kvæðið endar ofarlega á bl. 1v með svofelldri greinargerð: „[skrifað upp eptir móður minni.]“

Verður nú fyrst rakið efni þessa fjórblöðungs í stórum dráttum, ef fást kynni rökstudd vitneskja um nafn skrifara og hver móðir hans var sem flutti honum kvæðið.

Undir Ókindarkvæði ofarlega á bl. 1v er dregið strík sem greinir það frá því sem fer næst á eftir, en það eru þrjár vísur eftir Sigfús prest Árnason, skáldmæltan klerk, son séra Árna Þorsteinssonar á Kirkjubæ í Hróarstungu og Bjargar Pétursdóttur frá Ketilsstöðum á Völlum sem nánar verður vikið að síðar af annarri ástæðu.

Næst vísun séra Sigfúsar Árnasonar á bl. 1v neðst og áfram á bl. 2r er frásögn af drukknun Sigfúsar í Lagarfljóti¹ og spásögn Hjörleifs sterka sem lýtur að henni. Spásögn Hjörleifs er höfð eftir Páli Melsteð, kammerráði. Aftan við er greinargerð skrifara: „[vísurnar og atvikin eru skrifuð eftir sögu-sögn móður minnar]“. Greinargerðin á trúlega við vísur séra Sigfúsar á bl. 1v, frásögn af dauða séra Sigfúsar og spásögn Hjörleifs sterka sem heimildarkona (móðir skrifara) hefur eftir kammerráð Melsteð (Páli Melsteð sýslumanni á Ketilsstöðum, síðar amtmanni).

Á næstu blaðsíðum er margs konar kveðskapur, kvæðabrot og húsgangar, og verður nefnt fátt eitt. Þarna eru barngæluvísur sem er getið vegna fyrir-sagnar sem skrifari velur þeim, en hún er: „Barnaljóð (Sunneva)“. Litlu aftar er stök vísa sem hefur að fyrirsögn: „(úr einhverri sögu að sögn mömmu)“. Vísan sem þessi fyrirsögn á við er úr ævintýrasögu og hljóðar svo:

Hjer liggur Eý og Þey
báðar mínar skemmumey (?) —
skildi eg eftir skærin hjá
gekk eg báðum dauðum frá.

Vísan er orðrétt eins í athugasemd við Sögu af Tístram og Ísól björtu í Þjóðsögum Jóns Árnasonar sem lætur þess getið í athugasemdinni að herra Gísli Brynjúlfsson hafi þessa vísu þannig. Í sögugerðinni sem Jón lætur prenta er vísan með öðru móti (1864:325, 1954:317).

Þá er jólavers:

Börnin segja og syngja
svo á Jóladag
Eja úngum kóngi
ærubúið plag —
Kondu Jesús Kristur minn
og krýn minn æskuhag.

Í fyrirsögn gerir skrifari grein fyrir versinu á þessa leið: „(Þetta kenndi Sunneva mömmu um Jólin)“. Utanmáls er eftirfarandi kvöldvers:

¹ Grein um séra Sigfús Árnason er í bók Stefáns Einarssonar, *Austfirzk skáld og rithöfundar* (1964:127–128). Eftir því sem þar segir druknaði séra Sigfús 1822 í Lagarfljóti, 1823 segir í riti Boga Benediktssonar (1909–1915:794) og 1. október 1822 í ritinu *Prestatal og prófesta á Íslandi* (1950:21).

Vertu yfir og allt um kring
með eylífri blessan þinni,
siti guðs englar saman í hríng
sænginni yfir minni!

Greinargerð með versinu er á þessa leið: „Þetta kendi Sunneva eða amma mín móður minni til að lesa á kvöldin.“

Þá er þess enn að geta sem máli skiptir að á öftustu síðu, bl. 4v í neðra horni til vinstri, hefur verið skrifað með blýanti: „GBr. 1932“.

Skrifari blaðanna er ónefndur sem fyrr sagði, en þó má ráða í nafn hans með ærnu öryggi, þegar stuðst er við áletrunina á bl. 4v, að því við bættu að hann skrifar upp kvæði og vísur að austan og frásögu eftir móður sinni, ævintýrastef og jólavers sem móðir hans hafði lært af Sunnevu, og barnaljód eru tengd Sunnevunafni, ásamt því að heimildarmaður móðurinnar nafngreindur er Páll Melsteð á Ketilsstöðum á Völlum. Auk þess er athugasemd Jóns Árnasonar sem vísar veginn.

Til staðfestingar ef þurfa þætti og frekari glöggvunar verður að benda á annan handritapakka í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, NKS 3312 4to, og vísast til greinar hér á eftir („Byltingasinnað skáld í þjóðfræðaham“) um blöð Gísla yngra Brynjólfssonar sem þar eru og sýna samvinnu þeirra mæðgina Gísla og Guðrúnar Stefánsdóttur á þjóðfræðasviðinu.

Virðist allt renna stöðum undir það að Gísli Brynjólfsson yngri skrifi upp Ókindarkvæði í NKS 3315 II 4to eftir móður sinni Guðrúnu Stefánsdóttur frá Möðruvöllum í Hörgárdal.

3 Ókindarkvæði

Ókindarkvæði í uppskrift Gísla Brynjólfssonar er á þessa leið með fyrir sögn hans sem mestar líkur eru til að sé efnislega frá Guðrúnu Stefánsdóttur:

Ókindarkvæði sem Madama Björg Pjetursdóttir á Kirkjubæ í Tungum í Fljótsdalshjaraði systir Sigurðar sýslumanns Pjeturssonar kvað við dóttur sína Sigríði.

Það var barn í dalnum sem datt ofaní gat,
en þar fyrir neðan ókindin sat.
En þar fyrir neðan sat ókindin ljót
náði hún því naumlega neðaní þess fót.
Náði hún því naumlega neðaní barn
hún dróg það útum dyrnar og dustaði við hjarn.

Hún dróg það útum dyrnar og dustaði vð fönn,
ætla jeg að úr því hriti ein lítill tönn.
Ætla jeg að úr því hriti augað blátt,
hún kallaði með kjæti og kvað við svo hátt:
Hún kallaði með kjæti: „Kindin mín góð!
þetta hefur þú fyrir þín miklu hljóð.
Þetta hefur þú fyrir þitt brekastát,
maklegast væri jeg minkaði þinn grát.“
„Maklegast væri jeg minkaði þinn þrótt“ —
En ókindin lamdi það allt fram á nótt.
En ókindin lamdi það í þeim stað,
þangaðtil um síðir þar kom maður að.
Þangaðtil um síðir þar kom maður einn,
upp tók hann barnið og ekki var hann seinn,
upp tók hann barnið og inní bæinn veik,
en ókindin hafði sig aptur á kreik.
En ókindin hafði sig ofan í fljót,
og barnið aflagði sín brekin mjög ljót.
Ókindarkvæðið endar nú hjer —
en Sigríður litla, sjáðu að þjer.

[Skrifað upp eptir móður minni.]

Orðalag í fyrirsögn er tvírætt: Ókindarkvæði sem madama Björg kvað við dóttur sína Sigríði. Beinast liggur við að skilja þetta svo að Björg hafi ort kvæðið og kveðið við Sigríði. En það mætti líka þrengja merkinguna og taka þetta þannig að Björg hafi raulað kvæði sem hún kunni við dóttur sína, en annar hafi ort. Samt er ekki svo að skilja, og má færa að því fullgild rök að orðið kvað er hér í merkingunni orti. Það verður ljóst af fyrirsögn næst á eftir Ókindarkvæði fyrir vísu eftir séra Sigfús Árnason á Kirkjubæ í Tungu. Sem fyrr sagði var séra Sigfús sonur Bjargar Pétursdóttur sem hér er eignað Ókindarkvæði. Á milli Ókindarkvæðis og vísu er dregið strik til aðgreiningar. Undir striki er fyrirsögn sem á við vísu séra Sigfúsar, en varðar Ókindarkvæðið ekki síður og sýnir svo að ekki verður um villst að „kvað“ í fyrirsögn Ókindarkvæðis merkir ‘orti’, en ekki einungis það að Björg hafi ‘raulað’ kvæði annars manns við Sigríði dóttur sína. Fyrirsögn sem á við vísu séra Sigfúsar er á þessa leið: „Sjera Sigfús Árnason og Bjargar sem ókyndarkvæðið er eptir orti þetta við son sinn laungetinn Haldór“.

Björg Pétursdóttir sem nú virðist sýnt að sé höfundur Ókindarkvæðis var frá Ketilsstöðum á Völlum, fædd 1749 eftir því sem segir í *Guðfræðingatali* Hannesar Þorsteinssonar og lést 1839 (1907–1910:114–115), dóttir Péturs

Þorsteinssonar sýslumanns í Múlaþingi og Þórunnar Guðmundsdóttur frá Kolfreyjustað. Hún var tvígift, átti fyrst Guttorm Hjörleifsson, síðar séra Árna prófast Þorsteinsson á Kirkjubæ í Hróarstungu. Sigríður var dóttir Árna og Bjargar. Hún giftist Þorsteini Jónssyni aðstoðarpresti á Klyppsstað í Loðmundarfirði (Páll Eggert Ólason 1948:78). Við hana hefur Björg kveðið Ókindarkvæði að ætla verður af fyrirsögn og af ávarpi í kvæðislok: „Sigríður litla, sjáðu að þér!“ Í *Manntali á Íslandi 1816* (1947:25) er Sigríður hjá forældrum sínum, 20 vetra, fædd á Kirkjubæ. Móðir hennar Björg Pétursdóttir er sögð 67 ára í sömu heimild, fædd á Ketilsstöðum á Völlum.

Björg Pétursdóttir var af þekktu skáldakyni í móðurætt, afkomandi séra Einars Sigurðssonar í Eyðölum, rakið frá Þóru, dóttur Stefáns í Vallanesi: Þóra Stefánsdóttir, kona séra Páls Högnasonar á Valþjófsstað, þeirra dóttir Þórunn kona séra Guðmundar Pálssonar á Kolfreyjustað, þeirra dóttir Þórunn fyrri kona Péturs Þorsteinssonar sýslumanns á Ketilstöðum á Völlum, þeirra dóttir Björg (Þorkell Jóhannesson 1947:163), fædd 1749, giftist Guttormi sýslumanni Hjörleifssyni 1767; ekkja eftir hann 1771, giftist Árna prófasti Þorsteinssyni presti fyrst að Hofi í Vopnafirði, síðar að Kirkjubæ í Hróarstungu 1783 (Árni Þorsteinsson 1820:25). Sigurður Pétursson ljóðskáld og leikritahöfundur var bróðir Bjargar eins og segir í fyrirsögn Ókindarkvæðis, Sigurður var albróðir Bjargar, tíu árum yngri, fæddur 1759 (Árni Þorsteinsson 1820:25). Séra Sigfúsar er áður getið, Árnasonar og Bjargar. Hann var skáldmæltur, þótt ekki verði hann settur í stórskáldaröð á borð við frændur Bjargar og forfeður suma sem gerðu garðinn frægan. Frænkur Bjargar voru Ljósavatnssystur, Rut og Júdítt, alþekktar skáldkonur.

4 Barnafætur

Ólafur Davíðsson skipar Ókindarkvæði í flokk með þulum og kvæðum sem hann kallar: „Grýlukvæði og því um líkt“. Þar fer mest fyrir Grýlu og Grýluliði, Grýlubörnum, Bola, Leppalúða, Skrögg og jólasveinum. Í þennan flokkinn eru dregnar aðrar barnafætur, þótt ekki séu Grýluættar svo að rakið verði, Klapparkarlinn í Grímsey (Karlinn undir klöppinni), Skuggamaður á glugga og Ókindin í Ókindarkvæði. Niðurröðun Ólafs fær fyllilega staðist og ekki nema eðlilegt að hann láti fara saman hvers konar þulur, kvæði og kviðlinga um barnafætur. Um Ókindina í Ókindarkvæði er óvíst hvort höfundur kvæðisins býr hana til sem vel má vera eða hún hefur verið fyrir í vitund barna og uppalenda fyrir austan, eins og sagt er að Klapparkarlinn hafi verið í Grímsey (Jón Norðmann 1946:53).

Í Grýlukvæðum er dregin upp tröllsleg mynd af Grýlu sem fer um sveitir

og sníkir sér til matar óþekk börn sem gráta og hrína, en sinna hvorki um guðsorð né góða siði. Ferðalagið verður oft meginþráður kvæðanna. Grýla fer bæ frá bæ að leita eftir bita, henni er jafnan illa tekið og vísa húsráðendur hver frá sér. Komu Grýlu á bæi er lýst í mislöngu máli, oft stuttlega. Í stað tröllslegrar útlitslýsingar Grýlukvæðanna er hryllingurinn í Ókindarkvæði magnaður upp með óhugnanlegri lýsingu á skiptum Ókindar við barnið. Af útliti Ókindar segir ekki annað en það að hún er ljót, ef það lýtur að líkamsskapnaði sem ekki þyrfti að vera. Hitt er ljóst frá upphafi að Ókind hefst við í helli eða holu sem barnið lendir í ef það fer óvarlega, og er sem þar grilli í uppeldislegt atriðið. Síðar í kvæði hrökklast Ókindin ofan í fljót og má geta þess til að þar vísi skáldið henni til ókindanna í Lagarfljóti, enda kynni að vera um skyldleika að ræða.

Af kvæðum sem trúlegt er að Björg á Kirkjubæ þekki og gætu kveikt hugmynd að Ókindarkvæði er nærtækast að nefna vinsælt Grýlukvæði eftir ættföður hennar Stefán Ólafsson í Vallanesi (1885:230–233):

Ekki linnir umferðunum
í Fljótsdalinn enn,
það sér á að þar búa
þrifnaðar menn

Í kvæðum beggja segir frá barnafælu, þótt með sínu móti sé hvort. Annað með tilheyrandi sníkjuferðum og skelfilegri Grýlulýsingu. Hitt um skipti óskilgreindrar ókindar við barn sem hún hremmir, bragarháttur er hinn sami að heita má, bæði kvæðin með dragmæltu grýlukvæðalagi. Þó ber þess að geta að þetta var algengur háttur Grýlukvæða og fleiri vögguljóða að ég hygg fyrir og um daga Bjargar á Kirkjubæ. Þekkt er Grýlukvæði Eggerts Ólafssonar, biturt ádeilukvæði sem hefur að upphafi: „Hér er komin hún Grýla sem gulleysið mól, hún er að urra og ýla“ (1953:14–16), en trúlegra þykir mér að Björg sé handgengin kvæðum forföður síns Austfirðingsins Stefáns í Vallanesi fremur en hitt að kvæði Eggerts Ólafssonar hafi náð eyrum hennar enda hefur kvæði Stefáns verið vinsælt barngælukvæði og á það sammerkt með Ókindarkvæði, en kvæði Eggerts er annars kyns og fremur ætlað fullorðnu fólki en börnum.

5 Vinsældir Ókindarkvæðis

Því er slegið föstu hér á undan að Ókindarkvæði hafi notið vinsælda og þyrfti að færa fyrir því rök sem þó verða mögur og fátæklegrí en skyldi og þyrfti að vera. Til afsökunar er það helst að heimilda um vinsældir kvæðisins væri ekki

síst að leita í segulbandasöfnum Árnastofnunar sem Helga Jóhannsdóttir hefur á undanförmum árum unnið við að skrásetja með það fyrir augum að koma upp tölvutækum skráum um íslenskt þjóðfræðaeefni sem safnað hefur verið hjá eldra fólki og hljóðritað á segulbönd á síðustu áratugum. Þá standa vonir til þess að kanna megi vinsældir einstakra kvæða, hvort þau voru kunn víða um land, hversu almennt þau voru kunn og hvernig notuð. Fyrir en það kemst í framkvæmd er vonlítið að tína slíkt saman. Þá vantar mikið á það að handritaskrár séu nákvæmar svo að unnt sé að leita af sér grun um smáræði eins og eitt kvæði. Í handritum get ég þó bent á uppskrift séra Friðriks Eggerz sem var prestur í Skarðsþingum í Dalasýslu á 19. öld. Hún er í Lbs 936 4to, bls. 790–791. Fyrirsögn Séra Friðriks: „Pula rectus Okindarkvæði“. Í lok uppskriftar eignar klerkur kvæðið séra Stefáni Ólafssyni í Vallanesi. Óvíst er með öllu hvaðan séra Friðrik hefur það, en algengt var að nafn séra Stefáns tengdist við skáldskap annarra manna, ef eitthvað var sem þótti líkjast honum.

Um vinsældir Ókindarkvæðis er það fyrst að segja sem ráða má af handritinu NKS 3315 II 4to sem prentað var eftir hér á undan. Þar sýnir orðalag hornklofagreinar við lok uppskriftar að þess voru dæmi að kvæðið væri numið og flutt munnlega á 19. öld, þótt ekki komi fram hversu algengt það var. Þá bendir lagið í *Íslenzkum þjóðlögum* til munnlegs flutnings, og einhvers staðar frá hefur Ólafur Davíðsson haft kvæðið, þótt hann láti vera að nefna heimild. Enn er á það að líta að ljóðin sem Ólafur dregur saman og birtir undir heitinu *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði* eru allajafnan kvæði og þulur sem margir kunnu og víða voru kveðin eða sungin. Samt er ekki því að leyna að stundum tekur hann kvæði úr handritum sem fólk hefur varla haft mikið um hönd á hans dögum, og gat ráðið skyldleiki við vinsæl ljóð og kvæðaeefni á síðari tímum. Handrit séra Friðriks ber það með sér svo að ekki verður um villst að kvæðið hefur verið á gangi í uppskrift eða fest í minni manna vestur við Breiðafjörð á hans tímum.

Nú á tímum munu sumir sem þetta kynnu að lesa kannast við kvæðið af hljómplötunni *18 íslenzk þjóðlög* frá árinu 1976 þar sem Elísabet Erlingsdóttir syngur og af plötu Megasar *Nú er ég klæddur og kominn á ról* (1978), þótt ekki væri af öðru.

Athugun á texta Ókindarkvæðis í prentaðri útgáfu Ólafs Davíðssonar í *Íslenzkum þulur og þjóðkvæðum* með samanburði við textann sem prentaður var hér á undan leiðir í ljós náinn skyldleiki. Á erindum sem eru á báðum stöðum munar ekki öðru en því að Ólafur lætur prenta „breka stát“ í 7. erindi þar sem textinn í NKS 3315 II 4to hefur „brekastát“ sem er trúlega réttara, og í annan stað að í 5. erindi í útgáfu Ólafs er „ælítil tönn“ þar sem í 3315 er „ein lítil tönn“ sem teljast verður líklegri lesháttur. En mestu munar að textinn í

3315 hefur tvö erindi umfram. Tvö síðustu erindin sem hér voru prentuð vantar í útgáfu kvæðisins í *Íslenskum þulum og þjóðkvæðum*. Þar endar kvæðið á því að maður bjargar barninu, en Ókindin fer sína leið. Það er látið ósagt hvert Ókindin fer og með lokaerindinu hverfur nafn kvæðisins og ávarpið til Sigríðar litlu sem er í lok kvæðisins í 3315.

6 Þriðja gerð Ókindarkvæðis

Enn ein gerð Ókindarkvæðis er í handriti í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, skrifuð upp af Sigríði Steinbjörnsdóttur nemanda í námskeiðinu Þjóðfræði II við Háskóla Íslands, 5. mars 1984, eftir Sigríði Lárusdóttur. Af sérkennum er það að segja að í upphafserindi er „niðrum gat“ þar sem í öðrum gerðum er „ofan í gat“, bæði í útgáfu Ólafs og í 3315. Í viðtali við greinarhöfund gerði Sigríður Lárusdóttir grein fyrir ætt og uppruna. Sigríður er dóttir Lárusar Gíslasonar (f. 1862) frá Neðri-Mýrum í Refasveit, sem síðar átti heima á Grund við Blönduós.

Sjötta erindi lærði Sigríður með öðru móti en hér var prentað. Það hefur hún þannig og kvæðið áfram til loka á þessa leið:

Úr því trúi eg að hrykki
eitt auga blátt
hún kallaði af kæti
og kveður svo hátt

Hún kallaði af kæti
kindin mín góð
þetta skaltu hafa
fyrir þín hljóð

Þetta skaltu hafa
fyrir þitt brek og stát
maklegast væri að eg minnkaði þinn grát

Maklegast væri
að eg minnkaði þinn þrótt
Ókindin lamdi það langt fram á nótt

Ókindin lamdi það í þeim stað
þangað til um síðir
þar kom maður að

Pangað til um síðir
þar kom maður einn
Upp tók hann barnið
og ekki var hann seinn

Upp tók hann barnið
og bar það inn í bæ
Segi eg þér Sigga litla
Sjáðu nú að þér.

Niðurlagið sýnir skyldleika við textann í NKS 3315 II 4to og hefur ávarpið til Sigríðar haldist úr upphaflegri gerð kvæðisins ef þannig var ort í öndverðu sem eru líkur til. Hitt hefur gleymst að geta þess hvað um Ókindina varð enda trúlega staðbundið og þá fellur niður um leið það sem stóð í sama vísuerindi og að uppalendum snéri, að barnið bætti ráð sitt.

HEIMILDIR

NKS 3312 4to

NKS 3315 II 4to

Lbs 936 4to

Árni Þorsteinsson. 1820. *Æfisøgu-Ágrip Péturs Þorsteinssonar*... Kaupmannahöfn.

Bjarni Þorsteinsson (útg.). 1906–1909. *Íslenzk þjóðlög*. Kaupmannahöfn.

Bogi Benediktsson. 1909–1915. *Sýslumannaæfir ... með skýringum og viðaukum eptir*

Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson IV. Reykjavík.

Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði*. Kaupmannahöfn.

———. 1953. *Kvæði*. Útg. Vilhjálmur P. Gíslason. Íslenzk úrvalsrit. Menningarsjóður, Reykjavík.

Einar Ólafur Sveinsson (útg.). 1942. *Fagrar heyrði ég raddirnar*. Mál og menning, Reykjavík.

Hannes Þorsteinsson. 1907–1910. *Guðfræðingatal*. Reykjavík.

Jón Árnason (útg.). 1864. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II. Leipzig.

———. 1954. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II. Útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Þjóðsaga, Reykjavík.

Jón Helgason. 1981. *Íslenzk Fornkvæði VIII*. EA. B:17. København.

Jón Norðmann. 1946. *Grimseyjarlýsing*. Menn og minjar. Íslenzkur fróðleikur og skemmtun 3. Útg. Finnur Sigmundsson. Leiftur, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816 I. 1947. Ættfræðifélagið, Akureyri.

Ólafur Davíðsson (útg.). 1898–1903. *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*. ÍSGVP IV. Kaupmannahöfn.

- Páll Eggert Ólason. 1948. *Íslenzkar æviskrár* I. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1964. Austfirzk skáld og rithöfundar. *Austurland* VI. Sögusjóður Austfirðinga, Akureyri.
- Stefán Ólafsson. 1885–1886. *Kvæði...* I–II. [Útg. Jón Þorkelsson.] Kaupmannahöfn.
- . 1948. *Ljóðmæli*. Útg. Andrés Björnsson. Íslensk úrvalsrit. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófaste á Íslandi*. 2. útgáfa með viðaukum og breytingum eftir Hannes Þorsteinsson. Útg. Björn Magnússon. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Þorkell Jóhannesson (útg.). 1947. *Merkir Íslendingar* II. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.

SUMMARY

This article discusses the origins and textual transmission of the so-called *Ókindarkvæði*, an anonymous poem published in Ólafur Davíðsson's *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði* (1898–1903). The article reveals that MS NKS 3315 II 4to contains further information about the poem. Gísli Brynjólfsson recorded the poem in this manuscript from a version recited by his mother Guðrún Stefánsdóttir from Möðruvellir in Hörgárdalur. The article argues that Björg Pétursdóttir of Kirkjubær in Hróarstunga composed the poem for her daughter Sigríður.

Stofnun Árna Magnússonar
Árnamóti við Suðurgötu
101 Reykjavík